



Áfangalýsing

Námsgrein: Enska

Áfanganúmer: ENS2B040

Fjöldi framhaldsskólaeininga: 4

Áfanginn er á: 2. þrepi

Undanfari: ENS2A040

Kennarar:

Ghasoub Abed (ghasoub@ma.is)

Hildur Hauksdóttir (hildur@ma.is)

Iain-Peter Matchett (matchett@ma.is)

Maija Kaarina Kalliokoski (majja@ma.is)

Lýsing á efni áfangans:

Áfram er lögð áhersla á að efla menningarvitund nemenda markvisst og á fjölbreyttan hátt. Nemendur kynna fjarlægari löndum þar sem enska er töluð en vinna samhliða með eigið umhverfi og sögu á ensku. Fléttað er saman helstu færniþáttum í ensku og menningu enskumælandi landa. Nú er lögð áhersla á grundvallaratriði í uppsetningu ritgerða s.s. inngang, meginmál og lokaorð sem og röklegt samhengi. Í þessum áfanga er hlustun og tali gert hærra undir höfði en áður og jafnframt gerðar meiri kröfur um að nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða með lestri lengri og flóknari texta. Haldið er áfram með málfræði og flóknari atriði tekin fyrir markvisst og skipulega.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s. greinamerkjasetningu
- orðaforða sem tengist atburðarrás í sögu lands og þjóðar
- helstu einkennum nokkurra enskumælandi samfélaga
- samspili íslenskrar og enskrar tungu

Menntaskólinn á Akureyri

Eyrarlandsvegi 28 | IS 600 Akureyri

S: +354 455 1555 | F: +354 455 1556

Kennitala: 460269-5129

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- fjalla munnlega, einn og óstuddur, um tiltekin málefni
- lesa lengri texta ítarlega
- skrifa stuttan texta á skipulegan hátt
- greina upplýsingar í lengri hlustunaræfingum

Nemandi skal geta nýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum
- rita stíla á lipurri ensku og beita málfræðiatríðum á réttan hátt
- búa yfir góðum lesskilningi og geta miðlað þeirri þekkingu svo vel sé, bæði á íslensku og ensku
- skilja lesið efni og tjá sig um það svo vel sé

Námsefni:

- *Colours 5th ed.*, Enskudeild MA
- *Boys Don't Cry*, Malorie Blackman
- *English Grammar in Use 3rd or 4th ed.*, Raymond Murphy
- Kjörbók, nánar útskýrt síðar
- Ensk-ensk orðabók æskileg

Kennsluáætlun:

Vika 1: Kynning á áfanganum, prófsýning, *Colours*.

Vika 2: *Colours*.

Vika 3: *Colours* og *Boys Don't Cry*.

Vika 4: *Colours* og *Boys Don't Cry*.

Vika 5: *Colours* og *Boys Don't Cry*.

Vika 6: *Colours* og *Boys Don't Cry*.

Vika 7: *Colours* og *Boys Don't Cry*.

Vika 8: *Boys Don't Cry* (written exam 10%). *Velgengnisdagur*.

Páskaleyfi

Vika 9: *Colours*.

Vika 10: *Colours*. *Hlustunarpróf 5%*

Vika 11: *Colours*.

Vika 12: *Colours*. Munnlegt próf úr kjörbók

Vika 13: *Colours*. Munnlegt próf úr kjörbók.

Vika 14: *Colours*.

Vika 15: *Colours*.

Vika 15: *Colours*.

Vika 16: Endum náð saman.

Yfirferð í *English Grammar in Use*:

Adjectives & adverbs	Units 98-112	Week 2 - 5
Modals	Units 26-37	Week 5 - 8
If and Wish	Units 38-41	Week 10 - 13
Prepositions	Units 121-128	Week 14 - 15

Kennsluhættir:

Unnið er með Orange-hluta *Colours*. *Boys Don't Cry* er lesin efnislega og rætt um efni hennar í tímum. Verkefnið unnin og nemendur þreyta ritunarpróf upp úr skáldsögunni. Nemendur lesa einnig kjörbók efnislega til munnlegs prófs en skáldsagan er ekki rædd sérstaklega í tímum. Fjölbreyttar kennsluáðferðir byggðar á færniþáttunum fjórum (hlustun, ritun, tal, lestur). Áfanginn byggir á einstaklings-, para- og hópavinna. Tímarnir fimm í vikunni líða u.þ.b. þannig:

- Tveir til þrjú tímar fara í leskafla *Colours* og verkefni sem þeim fylgja ásamt ritun (stýrð og frjálst).
- Einn til tveir tímar fara í bókmenntir.
- Einn tími fer í málfræði (*English Grammar in Use*).

Nemendur setja öll verkefni sín í þunnar gatamöppur (Study Folders) sem kennarar fara yfir í lok annar. Ljósrituð verkefni frá kennara ásamt kennsluáætlun eru einnig sett í þessa möppu.

Námsmat:

1. *Boys Don't Cry*, verkefni og próf 20%
2. Kjörbók 15%
3. Hlustunarpróf 5%
4. Vinnueinkunn 20%
 - a) Málfræðikannanir 5%
 - b) Stílar 5%
 - c) In Your Study Folder 5%
 - d) Símat og annað 5%
5. **Skriflegt lokapróf 40%**

Kjörbækur:

1. *The Hobbit*, J.R.R. Tolkien
2. *Killing Mr. Griffin*, Lois Duncan
3. *The Tenth Man*, Graham Greene
4. *The Five People You Meet In Heaven*, Mitch Albom
5. *Luke and Jon*, Robert Williams

Ef nemandi er veikur í þeim verkefnum sem gilda til einkunnar, fer hann í verkefnið í næsta enskutíma. Einkunn úr slíkum verkefnum eða könnunum er þó einungis gild hafi nemandi skilað inn vottorði eigi síðar en viku frá dagsetningu könnunar. Skrópi nemandi í könnun/prófi fær hann einkunnina 0.

Réttur áskilinn til breytinga.

Gangi ykkur vel,

Ghasoub, Hildur, Iain og Maija

Reglur enskudeildar um próf og skil á verkefnum

Allir nemendur eiga að skila verkefnum á skiladegi nema að fenginni undanþágu hjá kennara.

- Stærri verkefni (ritgerðir, fyrirlestrar, verkefnamöppur (Study Folders) o.þh): Hver dagur frá skiladegi sem ekki er skilað verkefni lækkar einkunn um einn heilan. Þegar þrír skóladagar eru liðnir frá skiladegi tekur kennari ekki lengur við verkefnum.
- Smærri verkefni (styttri heimaverkefni t.d. ritanir, stílar, málfræðiverkefni o.þh.)
- Nemandi skilar á skiladegi. Hámarksfrestur ef nemandi „gleymir” verkefni er þar til kl. 16 næsta dag en þá dregst jafnframt einn heill af einkunn. Eftir það tekur kennari ekki við verkefninu.
- Nemandi sem ekki mætir í próf/könnun sem gildir 5% eða meira tekur prófið/könnunina við fyrsta tækifæri og þarf að skila inn vottorði ekki síðar en viku frá prófdegi annars fær hann 0.
- Ef eitthvað kemur uppá daginn áður eða jafnvel samdægurs vegna verkefnaskila þá á að láta kennara vita strax (t.d. í tölvupósti eða símleiðis). Kennari getur gefið frest ef honum þykir ástæða til. Að öðrum kosti gilda ofangreindar reglur um skil á stærri verkefnum.
- **Nemendur í 1. bekk þurfa að ná 40 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira.**
- Nemendur í 2.- 4. bekk þurfa að ná 45 punktum af 100 í prófum sem gilda 50% og meira.
- Í áföngum þar sem vægi lokaprófs er minna en 50% þarf nemandi að mæta í próf þótt vetrareinkunn hans sé yfir 5. Mæti hann ekki er hann sjálfkrafa fallinn á áfanganum.